

Fimmtudaginn 10. júní 1993.

Nr. 54/1992. **Alheimslist hf.**

(Valgarður Sigurðsson hrl.)

gegn

Lífeyrissjóði Verkfræðingafélags Íslands

(Sigurður Georgsson hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Kyrrsetning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. febrúar 1992. Gerir hann þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður skiptaréttar Garðakaupstaðar 6. nóvember 1991 um töku á búi sínu til gjaldþrotaskipta verði úr gildi felldur. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda og lögmanni hans, Valgarði Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, gert að greiða sér óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með hinum áfrýjaða úrskurði var bú áfrýjanda tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu stefnda eins. Á Verkfræðingafélag Íslands ekki aðild að málinu, eins og það er lagt fyrir Hæstarétt. Áfrýjun á úrskurðinum frestaði ekki framkvæmd hans, sbr. 2. mgr. 19. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sem þá voru í gildi. Staðfesta málsaðilar, að skiptameðferð á búi áfrýjanda hafi verið lokið á skiptafundi 25. júní 1992 með vísan til 1. mgr. 120. gr. þeirra laga, þar sem engar eignir hafi komið fram í búinu, en með fyrirvara um rétt áfrýjanda vegna máls þessa.

Fjárfkrafa stefnda á hendur áfrýjanda varðaði efndir á húsaleigusamningi, sem var grundvöllur að atvinnurekstri áfrýjanda, og er stöðu hennar skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða úrskurði. Þegar löghalds var leitað fyrir kröfunni, var ekki ástæða til þess fyrir stefnda að höfða dómsmál samkvæmt 20. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann til staðfestingar á gerð fógetaréttarins, þar sem kyrrsetning fór ekki fram. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 13. gr. laga

nr. 6/1978 var stefnda heimilt að bera það upp við skiptarétt, hvort hin árangurslausa kyrrsetningargerð vegna kröfunnar væri nægilegur grundvöllur að gjaldþrotaskiptum á búi áfrýjanda, án þess að áður væri efnt til dómsmáls um kröfuna. Með skírskotun til þessa og til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Krafa stefnda um málskostnað verður tekin til greina, svo sem á er kveðið í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Alheimslist hf., og lögmaður hans, Valgarður Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, greiði stefnda, Lífeyrissjóði Verkfræðingafélags Íslands, 30.000 krónur óskipt í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Garðakaupstaðar 6. nóvember 1991.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 24. október 1991.

Sóknaraðilar. Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands, kt. 430269-4299, og Verkfræðingafélag Íslands, kt. 680269-6299, gera þá réttarkröfu, að bú Alheimslistar hf., kt. 530287-1229, verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili, Alheimslist hf., gerir þá réttarkröfu, að synjað verði um töku bús félagsins til gjaldþrotaskipta. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að mati réttarins.

Sáttaumleitanir dómarans hafa engan árangur borið.

II.

Aðdragandi máls þessa er, að 21. maí 1991 barst embættinu beiðni Bergsteins Georgssonar hdl. fyrir hönd Lífeyrissjóðs Verkfræðingafélags Íslands og Verkfræðingafélags Íslands um, að bú varnaraðila yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Málið var þingfest 27. júní 1991 og að ósk aðila frestað til 19. september 1991. Við fyrirtöku málsins þá mótmælti lögmaður varnaraðila, að gjaldþrotaskiptabeiðnin næði fram að ganga. Vegna þessa ágreinings var ákveðinn rekstur máls þessa.

Meðfylgjandi gjaldþrotaskiptabeiðni sóknaraðila var staðfest endurrit úr fôgetabók Garðakaupstaðar frá 19. mars 1991 í málinu Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands gegn Alheimslist hf. Í því máli krafðist gerðar-

beiðandi þess, að löghald yrði gert í eignum gerðarþola, en gerðin var árangurslaus. Löghaldsins var krafist til tryggingar á kröfu, er Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands taldi sig eiga hjá varnaraðila vegna vangoldinnar húsaleigu, hita, rafmagns og ræstingarkostnaðar fasteignarinnar að Engjateigi 9, Reykjavík.

Sóknaraðilar hafa lagt fram ljósrit af tveimur sambærilegum húsaleigusamningum, dags. 15. apríl 1987. Samkvæmt samningum þessum tekur varnaraðili á leigu af Lífeyrissjóði Verkfræðingafélags Íslands annars vegar austurhluta 1. hæðar áðurgreindrar fasteignar og hins vegar geymslurými í kjallara. Í húsnaði þessu rak varnaraðili verslun. Leigutíminn samkvæmt samningum þessum hófst 15. mars 1987 og skyldi vara til 31. mars 1992. Í báðum samningum þessum kemur fram, að hygðist annar hvor aðili ekki framlengja samninginn, skyldi segja honum upp skriflega sex mánuðum áður en leigutíma lyki. Leigufjárhæð samkvæmt samningnum þessum var 123.290 kr. á mánuði miðað við verðlag í desember 1986, og skyldi leigan taka mið af vísitölu húsnaðiskostnaðar. Auk samninga þessara liggja frammi reikningar, samtals 2.391.313 kr., vegna leigu, hita, rafmagns og ræstingarkostnaðar fyrir tímabilið 1. apríl 1990 til 1. mars 1991. Var krafist löghalds til tryggingar á þeirri fjárhæð auk dráttarvaxta og innheimtukostnaðar, samtals 2.841.343 kr.

Hinn 27. mars 1990 ritaði stjórn Alheimslistar hf. Lífeyrissjóði Verkfræðingafélags Íslands bréf, þar sem stjórnin óskaði eftir að segja upp áðurgreindum húsaleigusamningum frá og með 1. apríl 1990 þrátt fyrir fyrrgreint ákvæði samninganna um leigutíma og uppsögn. Í bréfinu kemur fram, að ástæður þessa séu einkum erfið aðkeyrsla að húsi, staðsetning óhentug fyrir verslunarrekstur, auglýsingar missi marks, þar sem ekkert minni á verslunina, hvorki á húsinu né við vegamót, og að merkingar úti við um starfsemi í húsinu séu ófullnægjandi, að því er verslunina varðar. Einnig eru tilgreindar sem ástæður uppsagnarinnar, að vegna framkvæmda borgarsjóðs sjáist verslunin ekki frá Suðurlandsbraut og að væntingar um tengibraut við Suðurlandsbraut, sem miklar vonir hefðu verið bundnar við, hafi brugðist.

Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Verkfræðingafélags Íslands ritaði Alheimslist hf. bréf 25. júní 1990, þar sem ekki er fallist á fyrrgreinda uppsögn félagsins. Einnig er ekki fallist á, að áðurgreindar ástæður geti verið grundvöllur uppsagnar. Að því er þetta varðar, kemur fram í nefndu bréfi, að staðsetning verslunarinnar hafi ekki hindrað velgengni hennar á árunum 1987 og 1988 og að leigusali geti ekki ráðið framkvæmdahraða Reykjavíkurborgar við Engjateig. Í skeyti Bergsteins Georgssonar, lögmanns sóknaraðila, til varnaraðila, dags. 10. janúar 1991, er fallist á að leysa hann frá leigusamningi um eystri hluta 1. hæðar umræddrar fasteignar, þar sem

tekist hefði að finna nýjan leigutaka. Lausnin taki þó ekki til mismunar á leigufjárhæð, sem sé óhagstæðari samkvæmt samningi við síðari leigutaka, svo og geymsluhúsnæði í kjallara.

III.

Af hálfu sóknaraðila er krafa hans á því reist, að öllum skilyrðum þess, að gjaldþrotaskiptabeiðni beri að taka til greina, sé fullnægt. Krafan byggist á c-lið 1. mgr. 13. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, enda hafi farið fram árangurslaus kyrrsetning hjá varnaraðila. Nefnd lagagrein sé skilyrðislaus, og skuli bú tekið til gjaldþrotaskipta, standi svo á sem í máli þessu. Í munnlegum málflutningi lögmanns sóknaraðila kom fram, að hann teldi engu máli skipta, þótt hin árangurslausa löghaldsgerð hefði ekki verið borin undir héraðsdóm til staðfestingar, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 18/1949.

Enn fremur er af hálfu sóknaraðila á því byggt, að varnaraðili hafi horfið nær fyrirvaralaust úr húsnæði sóknaraðila án lögmætrar uppsagnar. Vegna vangoldinnar húsaleigu auk annars rekstrarkostnaðar hafi verið krafist löghalds í eignum varnaraðila. Sóknaraðilar eigi lögvarða hagsmuni á að fá úr því skorið, hvort þeir fái kröfuna greidda að hluta eða öllu leyti, og verði það ekki gert með öðrum hætti en gjaldþrotaskiptum á búi varnaraðila.

Af hálfu varnaraðila er á því byggt, að fyrirbyggjandi gjaldþrotaskiptabeiðni fullnægi ekki formskilyrðum gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sbr. einkum 1. tl. 18. gr. Krafan sé efnislega ekki rökstudd, og í beiðninni sé kröfu þeirrar, er krefja á gjaldþrots fyrir, ekki getið. Mótmælir varnaraðili, að úrskurður sé reistur á gögnum, er lögð voru fram í kyrrsetningarmálinu gegn varnaraðila, þar sem þau gögn hafi verið lögð fram að fyrirlagi dómara í máli þessu. Varnaraðili mótmælir einnig aðild Verkfræðingafélags Íslands að málinu. Félagið hafi ekki verið aðili að kyrrsetningarmálinu gegn varnaraðila, og ekki hafi komið fram af þess hálfu nein krafa gegn varnaraðila.

Varnaraðili styður kröfu sína um, að synjað verði kröfu um töku bús hans til gjaldþrotaskipta, enn fremur þeim rökum, að skilyrðum c-liðar 13. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 sé ekki fullnægt. Kyrrsetning sé bráðabirgðagerð, og hún sé framkvæmd, án þess að sönnur séu leiddar að réttmæti þeirrar kröfu, er tryggja á. Krafa skiptabeiðenda hafi ekki hlotið staðfestingu fyrir dómstólum, eins og borið hafi, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 18/1949. Þar sem ekki hafi verið að lögum leitað staðfestingar dómstóla á kyrrsetningargerðinni, sbr. 1. mgr. 23. gr. nefndra laga, sé gerðin niður fallin og fullnægi því ekki skilyrðum c-liðar 1. mgr. 13. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 sem grundvöllur gjaldþrotaskipta.

Þá bendir varnaraðili á, að um kröfu þá, er Lífeyrissjóður Verkfræðinga-

félags Íslands telji sig eiga, sé verulegur réttarágreiningur. Í málflutningi lögmanns varnaraðila kom fram, að varnaraðili hafi horfið úr umræddu leiguhúsnæði, eftir að hann taldi sig hafa rift leigusamningum vegna vanefnda leigusala. Kom jafnframt fram hjá lögmanninum, að á grundvelli óvissrar kröfu sem þessarar væri ekki unnt að taka bú varnaraðila til gjaldþrotaskipta. Myndi það valda varnaraðila miklu tjóni, yrði bú hans tekið til gjaldþrotaskipta, án þess að um lögmæta kröfu væri að ræða.

IV.

Varnaraðili heldur því fram, að hafna beri kröfu um gjaldþrotaskipti á búi sínu, þar sem krafan fullnægi ekki formaskilyrðum gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Í 1. tl. 18. gr. þeirra laga segir, að krafa lánardrottins um gjaldþrotaskipti skuli vera rökstudd. Fram kemur í fyrirliggjandi gjaldþrotaskiptabeiðni, að hún byggist á árangurslausri löghaldsgerð, er fram fór hjá varnaraðila 19. mars 1991. Í beiðni þessari er enn fremur skirskotað til vanguardinnar húsaleiguskuldar varnaraðila. Verður því að telja, að beiðnin fullnægi því formaskilyrði að vera rökstudd.

Varnaraðili mótmælir því, að nokkur niðurstaða verði byggð á fram lögðum réttarskjöllum nr. 9-17 úr fógetamálinu Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands gegn Alheimslísi hf., þar sem þau gögn hafi verið lögð fram að fyrirlagi dómara. Gögn þessi voru lögð fram í fyrirtöku 26. september 1991. Bókað er í þingbók, að gögn þessi séu lögð fram af lögmanni sóknaraðila. Fullyrðingar lögmanns varnaraðila um, að gögn þessi séu lögð fram að fyrirlagi dómara, eiga ekki við rök að styðjast, og verða því framangreind mótmæli hans ekki tekin til greina.

Af hálfu varnaraðila er á því byggt, að hafna beri kröfu um gjaldþrotaskipti, þar sem milli sín og Lífeyrissjóðs Verkfræðingafélags Íslands sé verulegur réttarágreiningur og krafa lífeyrissjóðsins óviss. Í máli þessu kemur réttmæti umræddrar kröfu til skoðunar að því marki, hvort krafan geti talist vera grundvöllur gjaldþrotaskipta. Fram lagðir húsaleigusamningar milli Lífeyrissjóðs Verkfræðingafélags Íslands og varnaraðila eru tímabundnir og óuppsegjanlegir fyrr en undir lok leigutíma. Engu að síður sagði varnaraðili samningunum upp og bar fyrir sig ástæður, er annars vegar hafa verið til staðar við samningsgerð eða hins vegar verða ekki taldar á ábyrgð Lífeyrissjóðs Verkfræðingafélags Íslands, leigusala. Af hálfu varnaraðila hefur í máli þessu á engan hátt verið gert líklegt, að honum hafi verið heimilt að rifta umræddum húsaleigusamningum. Með vísan til þessa þykir sóknaraðili Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands hafa gert nægjanlega líklegt, að hann eigi kröfu gegn varnaraðila og þar með lögvarða hagsmuni af, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Hinn 19. mars 1991 fór fram árangurslaust löghald hjá varnaraðila. Gerð

þessi felur í sér löglíkur fyrir ógjaldfærni hans. Af hálfu varnaraðila hefur á engan hátt verið reynt að sýna fram á, að gerð þessi gefi ekki rétta mynd af eignum hans, og verður því að telja nægjanlega sýnt fram á eignaleysi varnaraðila. Verður það ekki talið hafa þýðingu í þessu sambandi, hvort gerðin hefur verið borin undir dómstóla til staðfestingar.

Með vísan til alls framangreinds og c-liðar 1. mgr. 13. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 ber að fallast á kröfu Lífeyrissjóðs Verkfræðingafélags Íslands um, að bú Alheimslistar hf. verði tekið til gjaldþrotaskipta. Að fenginni þessari niðurstöðu þykir ekki ástæða til að fjalla um aðild Verkfræðingafélags Íslands að málinu.

Benedikt Bogason fulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Að kröfu Lífeyrissjóðs Verkfræðingafélags Íslands er bú varnaraðila, Alheimslistar hf., tekið til gjaldþrotaskipta.
